

## REGLUGJÖRÐ

66

9. júlí

um

breyting á reglugjörð frá 26. sept. 1916 um viðauka við almenna reglugjörð um fjallskil fyrir Vestur-Skaftafellssýslu frá 6. júlí 1899. (Ákvæði, sem gilda aðeins fyrir Hvamshrepp).

## 1. gr.

Aftan við fyrri málsgrein 5. gr. komi:

„en þó þannig, að niður falli gjaldskylda fyrir jafnmargt fé og úr Hvamshreppi kemur til réttar í hlutaðeigandi hreppi. Gjald af utanhreppsfé er kræft hjá hlutaðeigandi hreppsnefnd fyrir 30. desember ár hvert, enda sé féð talið af tveimur eða fleiri mönnum, sem oddvitar beggja hreppa nefna til.

Rísi ágreiningur milli hreppsnefnda um ákvörðun hagatolls, má skjóta málinu til oddvita sýslunefndar“.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu hefir samið og samþykkt, samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 48, 28. nóvember 1919, staðfestist hérmeð til að öðlast gildi 1. ágúst þ. á.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 9. júlí 1929.*

Jónas Jónsson.

---

*Páll Pálmason.*